

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs 2016

**Grunnskóli Borgarfjarðar eystra**

**Nafn verkefnis: Fjölbreyttir kennsluhættir**

**Nafn verkefnisstjóra: Svandís Egilsdóttir**

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Styrkja nemendur til beinna áhrifa á eigið nám í valgreinum ásamt því að auka á áhuga, sjálfstæði og ábyrgð nemenda. Þróa samþættingu námsgreina og taka upp leitarmiðaðar námsaðferðir.



Nemendur á yngsta og miðstigi einn námshópur veturinn 2015-2016

## Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

### Undirbúningur og endurmenntun kennara og stjórnanda:

- Umræður kennara um leiðir áttu sér stað jafnt og þétt á kennarafundum vorið 2015 og skólaárið 2015-2016. Meðal annars var gert stöðumat og leiðir til úrbóta ræddar.
- Lestur greina er snerta þemanám, sjálfstæði í námi (e. learners autonomy), leitarmiðaðar námsaðferðir og fjölbreytt námsmat. Umræður á þremur formlegum kennarafundum sem og óformlegri umræður.
- Facebookhópur stofnaður til að safna upplýsingum, greinum og gagnlegum tenglum.
- Kennarar og starfsmenn fara í skólaheimsókn á Bakkafjörð og Þórshöfn Langanesi 24. apríl 2015. Í kjölfarið voru smiðjur sem kennsluform og lotukennsla ígrunduð sérstaklega af stjórnanda og kennurum.
- Aðgerðabundin stefna í lestri og læsi útbúin af skólastjóra og kennurum á 3 fundum miðaði að fjölbreyttum aðferðum, auknum lestri nemenda og áhuga á lestri.
- Ákvörðun tekin um að kenna náttúrufræði og samfélagsfræði í lotum eftir þemum á skólaárinu 2015-2016 á öllum skólastigum. Loturnar eru bundnar þemum sem byggja að hluta á áhugasviðum nemenda og úrvinnslu eftir áhugasviðum þeirra, matsblöð þróuð.
- Grunnur að námsmati skólans endurskoðaður vorið 2015 og skólaárinu 2015-2016 og er nú miðað við fjölbreytt námsmat byggt á leiðsagnarmati.
- Endurmenntunarnámskeið sótt: Leiklist í kennslu á vegum LHÍ, áhersla á námsmat, innleiðingu leiklistar í almenn bóknaðsfög (úrvinnslu verkefna) og fjölbreytta kennsluhætti
  - Tveir kennarar og skólastjóri sóttu 16 tíma námskeið í maí 2015
  - Tveir kennarar sóttu 16 tíma námskeið í október 2015
  - Tveir kennarar hugðust sækja bardagalist í leiklist en námskeiðið féll niður.
- Rými í vinnumati kennara 2015-2016 til starfsþróunar að þessu leyti
- Foreldrar upplýstir um styrkinn, verkefni og áherslur í þróunarstarfi vetrarins
- Starfsmenn fóru í fjögurra daga skólaheimsókn til Finnlands 19.-24.apríl 2016. Heimsóttir voru fjórir skólar í skólahverfi ESPO sem er í úthverfi Helsinki.

## Fjölbreyttir kennsluhættir, framkvæmd -það helsta skólaárið 2015-2016

Á skólaárinu 2015-2016 voru eftirfarandi aðferðir innleiddar/nýttar markvisst með nemendum. Studdust kennarar meðal annars við handbækur/greinar og samtöl/fyrirlestra á fundum ásamt því að fara á námskeið og í skólaheimsóknir til að auka á þekkingu sína í innleiðingarferlinu.

Aðgerðabundin lestrarstefna var útbúin. Kvað hún á um yndislestur út frá áhuga nemenda sem og áherslu á að fjölbreyttari lestraraðferðir yrðu kenndar, aukið aðgengi nemenda að bókum, og hvatningaverkefni á borð við lestraráskorun, lestrarbingó og bókmenntarýni yrði framkvæmt. Upplestur var æfður og lestur settur sem heimánám á öllum skólastigum. Þáttaka í Litlu upplestrarkeppninni í 4. bekk. (Engin nemandi var í 7.bekk)



Yndislestur eftir áhuga nemenda.

Auk þess

- Kenndar voru samþættar/þemaðar lotur í náttúrufræði og samfélagsfræði á öllum stigum út frá hugmyndum um samvirk kennslumódel og samvinnunám.
- Samþætt verkefni framkvæmd í öllum fögum, list og verkgreinar þá yfirleitt samþætt við bóklegar greinar.
- Unnið eftir aðferðum leitarnáms á yngsta stigi og unglingastigi
- „Kann- vill vita-hef lært“ eyðublöð útbúin og nýtt sem grunnur að lotum í náttúru- og samfélagsfræði hjá yngra og miðstigi og að hluta til í eldri deild.
- Gagnvirkar lestraraðferðir nýttar af meirihluta kennara, með öllum nemendum.
- Horfið frá skriflegum prófum sem aðalnámsmatsaðferð og fjölbreyttari aðferðir nýttar, svo sem hugtakakort, kynningar, samtöl, sjálfsmat, KVL ofl.
- Umræða meðal kennara og fyrstu skref tekin í innleiðingu á samvirkum kennslumódelum, tekin ákvörðun um að innleiða slík módel í kennsluna .
- Útikennsla og umhverfismennt markviss og fjölbreyttari, mikil samþætting



Þælt í orðinu fleti, ummál og flatarmál reiknað þegar inn var komið.

Í framhaldinu tekin ákvörðun um að þróa starfshætti enn frekar í átt að þemanámi þvert á aldur þar sem það hentar einnig mjög vel nemendasamsetningu skólans á komandi árum. Munum við m.a. taka þátt þátt í verkefninu Orð af orði með öðrum skólum á Austurlandi til að tryggja að kennsluhættir þróist áfram og séu áfram fjölbreyttir.

## Kaup á búnaði

- Þrennar spjaldtölvur með innbyggðum skjávarpa
- Myndavél
- Fartölva fyrir kennara
- Verkgreinastofa (smíði) áhöld keypt
- Útikennslustofa kaup á áhöldum og útiöldunargræjum
- Leikir og spil í stærðfræði og íslensku

## Þróun valgreina á yngsta stigi, miðstigi og í eldri deild

- 3 fundir kennara vorið 2015. Gerð var könnun á áhugasviði nemenda og nemendur fengirn til að koma með tillögur að greinum sem þeir vildu styrkja sig í eða vinna markvisst með. Val á yngsta og miðstigi miðaði við áhugasvið nemenda og styrkleika og var nemendastýrt.
- Valgreinar vorið 2015: 20 kennslustundir í yngri og eldri deild í svokallaðri valviku.
  - Gestakennari fengin til að kenna sjálfsvarnariþróttir í vali yngri nemenda. Kennarar skólans sáu um aukna listgreinakennslu, útivistarnámskeið. Nemendakynning í lok valviku á opnu húsi.
  - Valgreinar gáfu einnig vísbendingar um þær greinar sem boðið var upp á haustið 2015



Átta ára nemandi að hefja kynningu á viðfangsefni sínu og niðurstöðum leitarnáms á opnu húsi 20. maí 2016.

- Valgreinar vorið 2016 voru skipulagðar með sama hætti og árið áður á eldra stigi. Í yngri deild og á miðstigi var ákveðið að nýta aðferðir opins leitarnáms til að tryggja einstaklingsmiðun og auka ábyrgð og áhuga nemenda. Valvika var haldin í lok maí, og lauk með kynningu fyrir foreldra á opnu húsi. Ákvörðun tekin um að hafa val í stundatöflu nemenda á yngsta og miðstigi veturinn 2016-2017.

## Þróun námsmatsblaða í valgreinum

Valgreinakennarar þróuðu á námsmatsblað í valgreinum á þremur sameiginlegum fundum og ákváðu hvaða hæfnipætti væru metnir í hverri lotu. Matsblöðin voru hluti af innlögn í upphafi valviku. Nemendur voru því gerðir mjög meðvitaðir um ferli námsins og námsmatið. Einnig voru KVH vinnublöð til notkunar í náttúru og samfélagsfræði útbúin, að fyrirmynd gagna frá Bakkafirði.

## Gestakennarar og heimsóknir skólaárið 2015-2016

- Gestakennari fenginn í nátturufræðilotu hjá eldri deild um eðlisfræði en nemendur komu með eindregna ósk um að fá að gera tilraunir.
- Nemendur eldri deildar komu með þá tillögu að fá aukna kynfræðslu og báðu sérstaklega um að fara á fyrirlestur með Siggú Dögg sem tókst að framkvæma í samstarfi við skóla á Fljótisdalshéraði.
- Skólinn tók þátt í farandverkefni um myndlistarkennslu stýrt af Skaftelli, Seyðisfirði.



Heimsókn gestakennara (háskólanema í lífeindafræði) opnaði huga nemenda í eldri deild fyrir tilraunum í efnafræði.

- Kennsla í skyndihjálpi, nemendum gafst kostur á að sækja veglegt skyndihjálparnámskeið í samstarfi við skólans, Rauðakrossins og Fljótsdalshéraðs. Hafði komið fram ósk um skyndihjálparval vorið áður (2015) hjá nemendum.
- Reynt var að fá til okkar stjórnheim í samhengi við nám í náttúrufræði en fyrirlesarar afboðuðu
- Tónlistarkennari fenginn til liðs við okkur vegna árshátíðar þar sem áhugi nemenda fyrir því kom skýrt fram
- Forvarnarfræðsla fyrir nemendur, foreldra og kennara m.a. með aðstoð Dr. Guðrúnar Dóru Bjarnadóttur
- Nemendur fóru á „Vertu næs“ fyrirlestur Rauðakrossins í nágrannasveitarfélagið sem var hluti af því að efla félagstengsl þeirra við komandi skólafélaga í framhaldsskólanum.
- Heimsókn lögreglu var nýnæmi, Hallveig Thorlacius og Tónlist fyrir alla eru reglulegir gestir.

## Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Verkefnið er að mestu leyti vel heppnað þar sem markmið okkar náðust að nánast öllu leyti. Um er að ræða lítil frávik en frá þeim er greint í liðnum um hindranir.

Ætlun okkar var að útbúa matsblöð- sem hæfa vel Aðalnámskrá 2011-2013 en ljóst er að þá vinnu þarf að þróa áfram í takti við námsmat í skólanum almennt og leiðbeiningar frá Menntamálaráðherra og er hún komin skemmra á veg en við hefðum kosið þó svo að matsblöð hafi verið útbúin í tengslum við val.

## Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Aukna orku kennara þurfti að setja í nemendasamskipti meðal annars vegna þess að fækkun varð í skólanum milli ára og leitarmiðaðar aðferðir og samvinna krefst aukinnar samvinnu nemenda.

Að fara úr kennaramiðuðum kennslumódelum í nemendamiðuð var áskorun fyrir nemendur og kennara, sérstaklega þar sem slík hefð rík í skólanum fyrir. Kennarar höfðu ekki fyrirfram áttað sig á hve mikla hvatningu nemendur þurftu til að taka ábyrgðina. Umræður um hversu mikið nemendalýðræðið á að vera, hversu langt á að ganga, upplifun kennara að nemendur hafi of mikil völd/eða að hegðun þeirra fari aftur við breytinguna fékk kennara til að endurmeta stöðuna og íhuga aðferðir til að viðhalda góðum skólabrag samhliða fjölbreyttum kennsluháttum.

Landræðileg lega sveitafélagsins, veikindi gestakennara og ófærð settu strik í reikninginn þar sem fresta þurfti einu valnámskeiði að hausti og heimsókn eins gestakennara.

## Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið - jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Góð áhrif á nemendur í unglingadeild og bætt líðan og viðhorf til náms og skóla þrátt fyrir nemendafæð og fækkun í eldri deild. Er það mat kennara að áræðni og áhugi allra nemenda hefur aukist, að okkar mati sést það á öryggi í framsögn og sjálfstæðum vinnubrögðum en einnig auknum áhuga á viðfangsefnum og auknum vilja til samvinnu.



Nemendur á yngsta stigi vinna að samþættu verkefni um endur sem farfugla.

Ánægja með bættan aðbúnað/tölvukost gætir hjá nemendum og kennurum, eykur á námstækifæri. (Niðurstöður úr samtölum og nemendakönnun)

Nemendur upplifa aukna ábyrgð hvað nám sitt snertir, aukið eignarhald á verkefnum og samræða um tilgang með námi er virk. Kennarar hafa markvissar skýrt tengsl milli framlags nemenda, ábyrgðar þeirra á eigin námi og velgengni og sú umræða er ávallt þörf. Eftirfylgni kennara jókst.

Framfarir merkjanlegar hvað samvinnu snertir milli nemenda, nemendur sem vildu alls ekki vinna í hópi

eru nú nú orðnir leiknari í henni og flestir líta á samvinnu þvert á aldur sem hluta af jákvæðu lærdómsferli.

Viðhorf til útikennslu hefur breyst meðal nemenda, þeir hafa aukið þol til útiveru og litið er á útikennslu sem sjálfsagðan og mikilvægan hlut í skólastarfinu meðal kennara, nemenda og flestra foreldra.

Samstarf kennara hefur aukist og áhugi á fagþekkingu og skólaþróun.

Stórbætt viðhorf til lesturs og læsi hjá nemendum, foreldrum og kennurum.

Skólastjóri gerði könnun á viðhorfi kennara til þess hvort að þeir upplifðu að þeir nýttu sér aukna

fjölbreytni í kennsluháttum og kom í ljós að kennarar gera það. Eins upplifa þeir að þeir hafi aukin áhrif á þróun skólans og eru vel upplýstir um gang mála og það sem er á döfinni. Könnun meðal kennara leiðir einnig í ljós að fleiri og nýjar aðferðir eru nýttar við kennslu og enn fleiri aðferðir eru kennarar að prófa sig áfram með. Verkefni eru sýnilegri á veggjum skólans en áður.

Umræðan um kennsluhætti var virk meðal starfsmanna á skólaárinu. Leiðbeinendur fengu markvisst aðhald og fræðslu hvað fjölbreytta kennsluhætti snertir.

Allir kennarar unnu saman að því að gera gönguferð nemenda í Loðmundarfjörð að samþættu námsverkefni í upphafi skólaársins og hlaut skólinn útnefninguna „Varðliðar umhverfisins“ fyrir það verkefni. Var það verkefni sniðið að ætlun okkar um fjölbreytta kennsluhætti, nemendalýðræði sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð nemenda í námi.

Við að auka fjölbreytni í kennsluháttum og gefa nemendum frjálssar hendur líkt og gert var gafst nemendum, m.a. í eldri deild, að kynna sér starf leikskólakennarans, við það jókst ennfremur samstarf leik- og grunnskóladeildar en það var einkar ánægjulegt að finna fleiri fleti á því samstarfi. Við erum afar stolt af því að það tiltekna val var þvert á staðal hugmyndir um kyn, aldur og fleira og sýnir m.a. árangur okkar í því að gera nemendur sterka en einnig ábyrga og áhugasama um eigið nám og námsval.



Í góðu veðri er dásamlegt að gera æfingarnar úti í þróttatíma.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn -niðurstöður og áhrif verkefnisins.

Kennarar og stjórnandi telja að markmið um að auka á fjölbreytta kennsluhætti í vetur, þróa og bæta umgjörð um val og námsmat á tímabilinu hafi náðst að mestu leyti. Jafnframt hafa markmið okkar um aukna samþættingu námsgreina, virkara nemendalýðræði og ábyrgð nemenda á eigin námi náðst. Er það greinilegt á viðhorfum nemenda sem athuguð voru með nemendakönnun og viðhorfum kennara úr starfsmannakönnun. Jafnframt var kannað hvaða kennsluaðferðir kennarar nýttu sér helst í vetur og kom þar í ljós að miðað við skólaárið 2015-2016 hefur fjölbreyttni kennsluhátta aukist umtalsvert milli ára. Leitarnám var kynnt og innleitt í skólastarfið og samþætting námsgreina eflað, valgreinar festar í sessi og námsmatsblöð útbúin auk þess sem samstarf kennara jókst á tímabilinu.

Kennarar treysta sér eftir þennan vetur til að innleiða þemakennslu og halda áfram að þróa aðferðir sem miða að nemendalýðræði og ábyrgð nemenda á eigin námi og eru meðvitaðir um að það er hlutverk þeirra þegar kemur að skipulagningu kennslu.

Leiðarvísir og umgjörð utan um valgreinar og verklag við framkvæmd þess á unglिंगastigi hefur verið skýrð í skólanámskrá. Umgjörðin varð hluti af skólanámskránni skólaárið 2015-2016. Hér á eftir verður nánar greint frá því.

### Val á unglिंगastigi, umgjörð

Auk fjögurra tíma í töflu yfir skólaárið eru tímar í vali á unglिंगastigi í tveimur þéttari lotum: Önnur lotan er að hausti og er svokallað bundið val en þá er boðið upp á valfög sem komu í ljós að nemendur hefðu áhuga fyrir vorið áður. Varir það námskeið í 10 kennslustundir sem skipt er á 2-3 daga.

Hin þéttari lotan fer fram í svokallaðri valviku að vori og er 20 kennslustundir. Valvika er nemendastýrð að því leyti að kennarar og nemendur koma með tillögur að viðfangsefnum (í lok febrúar). Námskeiðunum er lýst munnlega, þau rædd og rökstudd og þegar komið hefur í ljós hvaða áhuga og möguleika við höfum fer fram forgagnsröðun. Um það bil þremur vikum síðar þegar í ljós hefur komið hvaða námskeiði eru vinsælust, útbúa kennarar lýsingu á námskeiðunum sem boðið verður upp á, (miðað við fyrra samtal og kosningu) og því næst velja nemendur sér valgrein með kosningu. Nemendur fá það sem þeir setja í fyrsta eða annað sæti og boðið er upp á að fá gestakennara ef hugur nemenda/kennara stendur til þess.

### Markmið og námsmat

Í upphafi vals, hvort sem er í þéttu lotunum eða föstu tímunum yfir skólaárið, setja nemendur sér markmið og gera sér áætlun sem þeir fylgja og meta jafnt og þétt. Þar fyrir utan eru eftirfarandi markmið sett:

Markmið með vali eru að

- Nemandi þjálfist í að setja sér markmið eftir áhugasviði sínu
- Nemendur þjálfist í að nýta sér viðeigandi tækni og gögn í verkefnavali sínu
- Nemendur þjálfist í að bera ábyrgð á eigin verkefnum og námi
- Nemendur þjálfist í að útbúa skipulag og verkáætlun
- Nemandi þjálfist í að vinna eftir verk- og tímaáætlun
- Nemendur þjálfist í að kynna og meta eigin vinnu

Nemendur fá kynningu á þessum markmiðum í upphafi hvernar lotu eftir því sem fyrstu tímarnir hjá nemendum fara í að setja sér markmið, útbúa áætlun og setja viðmið um árangur, en þessi markmið mynda grunn að matinu sem kennarar gera.

Þegar um er að ræða fasta valtíma á stundatöflu á unglíngastigi skiptum við vetrinum niður í 4-5 vikna lotur og höfum eftirfarandi þemu að leiðarljósi. Nemendur setja sér þá markmið í tengslum við þemun.

- September: Einstaklingsmiðuð verkefni – frjálst val nemenda
- Október: Upplýsingatækni (hópverkefni)
- Nóvember: Upplýsingatækni/ Listgrein
- Desember: Listgrein
- Janúar: Einstaklingsmiðuð verkefni – frjálst val nemenda
- Febrúar: Sviðslistir tengt árshátíð (hópverkefni)
- Mars: Listir/heilbrigði og heilsa
- Apríl/maí: starfsfræðsla, undirbúningur ferða og fyrirlestrar í samráði við nemendur

### **Valgreinar á yngsta og miðstigi**

Í samtali milli nemenda, kennara og stjórnanda var þróuð umgjörð og verklag utan um valgreinar á yngra og miðstigi skólaárin 2014-2015 sem og 2015-2016. Samhliða því var námsmat þróað. Mun sú vinna skila sér í stefnu skólans um val á yngri stigum og birtast í skólanámsskrá 2016-2017. Stefnt er að því að val með leitarnámsaðferð verði fest á stundatöflu skólaársins 2016-2017 á yngra og miðstigi og að þemanám á yngsta og miðstigi verði að hluta framkvæmt eftir áhugasviðskönnun hjá nemendum í sambærilegu ferli og hjá valviku unglíngadeildar.

### **Námsmat og samþætting námsgreina**

Umræða um námsmatsaðferðir í vali og samþættingu námsgreina sem og námsgreinum almennt fór fram jafnt og þétt yfir skólaárin 2014-2015 og 2015-2016 á fundum kennara. Leiðsagnarmat var innleitt í skólafarfið, skólaárið 2015-2016, eftir lestur, kynningu og fundi kennara um námsmat almennt út frá Aðalnámsskrá 2011-2013. Miða kennarar nú að fjölbreytileika í námsmati í öllum greinum. Í tengslum við val, útikennslu og samþætt verkefni hafa verið útbúnir gátlistar sem hentugt er að grípa til og eru þeir annars vegar miðaðir út frá sjálfsmati nemenda og hinsvegar símati kennara á þáttum úr lykilhæfni.

Í takti við að val er að mestu leyti nemendastýrt á unglíngastigi og að miklu leyti einnig á yngsta- og miðstigi, teljum við eðlilegt að sjálfsmat nemenda skipi stóran þátt í námsmati. Sjálfsmati er fyrst og fremst ætlað að gera nemendur ábyrga þegar kemur að námsferlinu sem þeir eru í og meðvitaða um hversu mikilvægt þeirra eigið framlag er, þegar kemur að árangri þeirra. Jafnframt er sjálfsmati ætlað að gera nemendum ljóst að frelsi og ábyrgð hangir saman. Sjálfsmat nemenda reiknast sem hluti af einkunn þeirra.

Sjálfsmat nemenda fór fram eftir gátlistum sem oftast eru lagðir fyrir í lok hverrar lotu. Jafnframt ræddu nemendur og kennarar saman í lok hvers tíma og mátu þá framlag nemandans og framhald vinnunnar. Kennarar mátu einnig vinnuframlag nemenda eftir hvern tíma, á þar til gerðum eyðublöðum sem voru útbún og mátu einnig afurð ef einhver var og kynningu hvers nemanda m.t.t. lykilhæfnipátta í lok lotunnar.

### **Samþætting námsgreina**

Efling samþættingar námsgreina var eitt af markmiðum okkar með verkefninu „Fjölbreyttir kennsluhættir“ í undanfara verkefnisins, veturinn 2014-2015 var ákveðið, á sameiginlegum fundi um samþættingu námsgreina, að kennarar myndu fyrst og fremst stíga fyrstu skrefin í átt að



sambættingu með því að sambætta þær greinar sem þeir kenndu sjálfir. Var það vegna utanaðkomandi þátta sem höfðu áhrif, vinnuálags og ef til vill óöryggis kennara í upphafi, en kennarar þurftu tíma til að mynda sér skoðun á því hvernig þeir vildu sambætta áður en farið var af stað. Seinna árið jókst samvinna kennara, meðal annars því að við sáum aðferðir sem nýttar eru á Bakkafirði í tengslum við skólaþróunarverkefnið „Vinnustofur“ vorið 2015. Einnig lásu kennarar sér til og ræddum saman um möguleg verkefni hvað þetta snertir. Í ferlinu jókst kjarkur og vilji og fjölmörg sambætt verkefni litu dagsins ljós skólaárið 2015-2016. Þvert á fög og þvert á aldur. Til að nefna dæmi er gaman að minnast á að skólinn fékk viðurkenningu Landverndar, umhverfisráðuneytisins ofl., fyrir sambætt verkefni þvert á greinarnar: íslensku, myndlist, íþróttir, samfélagsfræði ofl. er allir nemendur skólans voru útnefndir „Varliðar umhverfisins“ í tengslum við fyrsta sambætta verkefni skólaársins, eða „Gönguferð til Loðmundarfjarðar“. Í tengslum við það verkefni útbjúggu kennarar sjálfsmatsblöð sem nýtt voru í útikennslu og sambættum útikennsluverkefnum síðar á skólaárinu. Ánægjulegt er einnig að minnast á að á Degi stærðfræðinnar vann grunnskóladeildin og leikskóladeildin saman að sambættu verkefni stærðfræði og myndlistar um mynstur, form og flatarmál. Með verkefninu var haldið upp á Dag stærðfræðinnar og Dag leikskólans í sameiningu. Einnig mætti nefna önnur sambætt verkefni á borð við kofabyggingu (stærðfr/verkgrein), matarsóun (íslenska/heimilisfræði/umhverfismennt), um farfugla (myndlist/náttúrufræði/samfélagsfræði), um mannúðarstarf og flóttafólk (íslenska/samfélagsfræði/myndlist), um orku og rafmagn (íslenska/stærðfræði/samfélagsfræði/náttúrufræði) ofl.

Í lok þessa niðurstöðuhluta er rétt að komi fram að verkefnið „Fjölbreyttir kennsluhættir“ gerir það að verkum að nemendamiðuð valgreinakennsla sem og sambætting námsgreina hefur öðlast betri sess í skólastarfinu á Borgarfirði eystra. Má með vissu halda því fram að verkefnið haldi áfram að þroskast því að jákvætt viðhorf til fjölbreyttra kennsluhátta og fjölbreytts námsmats, sambættingar og vals á öllum stigum er komið til að vera að mati skólastjóra. Skólinn mun taka þátt í þróunarverkefninu „Orð af orði“ ásamt öðrum skólum á Austurlandi næsta vetur, en þar er meðal annars miðað að sambættingu og fjölbreyttum kennsluháttum. Endurmenntun kennara á næsta skólaári miðar auk þess að gera þá hæfari til að styðjast við tölvur og tækni í kennslunni sem tryggir að innkaup á búnaði verði nýttur vel. Þar fyrir utan er gleðilegt að og þau tengsl sem myndast hafa m.a. í gegnum verkefnið „Fjölbreyttir kennsluhættir“, meðal annars með því hafa komist á Bakkafjörð og til Finnlands með kennurum á Fljótsdalshéraði, kemur nemendum og kennurum til góða í framhaldinu.

### Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

- Kynning á styrkveitingu og markmiðum verkefnisins fór fram vorið 2015 á opnu húsi og á skólaslitum, og skólasetningu í upphafi skólaársins 2015-2016. Viðtal var tekið við skólastjóra og nemendur vorið 2015 þar sem verkefnið og styrkurinn var til umræðu á sjónvarpsstöðinni N4, Glettur að Austan fær mikið áhorf Austanlands.
- Kynning nemenda á valgreinum fór fram á opnu húsi 2015 og 2016. Foreldrum og öðrum gestum var boðið.
- Heimasíða var og er nýtt til að segja frá verkefnum jafnt og þétt, einnig fóru fréttir af námi nemenda í vikulegum föstudagspóstum til foreldra.
- Kynning á fyrirkomulagi valgreina fyrir foreldra fór fram haustið 2015 og breytingar verða kynntar aftur 2016
- Skólanefnd og skólaráði kynnt verkefnið í upphafi og nú í lok verkefnisins.

## Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um

Styrkurinn frá Sprotasjóði skipti afar miklu máli við framkvæmd þessa og jök líkur á að vel til tækist að innleiða fjölbreytta kennsluhætti í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra. Að innleiða fjölbreytta kennsluhætti og fara óhefðbundnar leiðir í íhaldsömu skólasamfélagi er áskorun fyrir skólafólk en finna má merki um aukinn áhuga og samstöðu samfélagsins um skólamál. Samþykki Sprotasjóðs gefur merki til allra í skólaumhverfinu um ágæti verkefnisins og mikilvægi þess að skólinn staðni ekki. Grunnskóli Borgarfjarðar eystra þakkar Sprottasjóði kærlega fyrir framlagið.

Maí 2016



Svandís Egilsdóttir

Skólastjóri